

**Sp. 552. Tillaga til rökstuddrar dagskrár**

í málinu: Till. til þál. um yfurfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Með tilvísun til þess samkomulags, sem orðið hefur milli menntamálaráðuneytisins, viðskiptanefndar og menntamálaráðs um tilhögun á gjaldeyrisyfurfærslum til íslenskra námsmanna erlendis, og í trausti þess, að séð verði fyrir gjaldeyrisþörf námsmannanna eftir því, sem ástæður frekast leyfa, telur þingið eigi ástæðu til að gera sérstaka ályktun um það efni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.